

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, nr. 1410/2023.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „skv. 8. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. 10. gr. gjaldskrárinnar kemur: 9. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „vegna losunar fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. 11. gr. gjaldskrárinnar kemur: sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. gjaldskrárinnar:

1. mgr. orðast svo Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á verulegum breytingum á vöktunaráætlunum rekstraraðila, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að gera þurfi verulegar breytingar á vöktunaráætlun.
- Í stað orðanna „staðfestingu á breytingum“ í 4. mgr. kemur: samþykki á verulegum breytingum.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. gjaldskrárinnar:

1. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna rekstraraðila í staðbundinni starfsemi, sbr. reglugerð (ESB) 2019/331, sem hefur verið innleidd á Íslandi með reglugerð um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- Í stað orðanna „nýrra þáttakenda“ í heiti greinarinnar kemur: rekstraraðila.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. gjaldskrárinnar:

- Í stað orðanna „skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum“ í 1. mgr. kemur: sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
1. málslíður 3. mgr. orðast svo: Hafi yfirferð á skýrslu rekstraraðila í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. gjaldskrárinnar:

1. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun rekstraraðila, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða skýrslan er ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- á eftir orðinu „Umhverfisstofnun“ í 2. mgr. kemur: sbr. 1. gr.

#### 7. gr.

Á eftir 15. gr. gjaldskrárinnar kemur ný grein, 15. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Umsókn rekstraraðila um að starfsstöð verði undanþegin  
gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna rekstraraðila um að starfsstöð verði undanþegin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Gjaldið skal vera kr. 104.000, eða sem nemur 5 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar afgreiðslu umsókna er lokið.

8. gr.

1. mgr. 16. gr. gjaldskrárinnar orðast svo: Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum frá rekstraraðilum um að skilyrði fyrir því að undanskilja starfsstöð gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir séu fyrir hendi, sbr. 6. mgr. 20. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. gjaldskrárinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum um breytingar á starfsemissstigi rekstraraðila, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. Orðin „skal tímafjöldi vera 10 klst.“ í b-lið 2. mgr. falla brott.
- c. Orðin „og 3.“ í 4. mgr. falla brott.
- d. Á eftir orðinu „rekstraraðila“ í titli greinarinnar kemur: í staðbundinni starfsemi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað orðanna „skv. 6. mgr. 21. gr. b laga nr. 70/2012 um loftslagsmál“ í 1. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. orðið „flugrekenda“ í 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

19. gr. gjaldskrárinnar fellur brott.

12. gr.

Í stað orðanna „fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. 20. gr. gjaldskrárinnar kemur: sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað orðanna „skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. kemur: flugrekenda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. Í stað orðanna „eftir að“ í 3. mgr. kemur: þegar.
- c. Á eftir orðinu „vöktunaráætlun“ í 4. mgr. kemur: flugrekenda.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Titill greinarinnar orðast svo: Skýrslur flugrekenda um losun gróðurhúsalofttegunda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

- b. Í stað orðanna „um losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi skv. 1. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. kemur: um losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

## 15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. gjaldskrárinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun flugrekanda, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða skýrslan er ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. Titill greinarinnar orðast svo: Áætlun á losun gróðurhúsalofttegunda í flugstarfsemi.

## 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað orðanna „skv. 6. mgr. 21. gr. b laga nr. 70/2012 um loftslagsmál“ í 1. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. Orðið „rekstraraðila“ í 4. mgr. fellur brott.

## 17. gr.

Á eftir 24. gr. gjaldskrárinnar koma sex nýjar greinar, 24. gr. a - 24. gr. f, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

- a. (24. gr. a.)

*Umsóknir flugrekenda um viðbótarúthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda og yfirferð skýrslna um kolefnishlutleysi.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna flugrekenda um viðbótarúthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda og yfirferð á skýrslum um kolefnishlutleysi, sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Gjaldið skal vera kr. 332.800, eða sem nemur 16 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar afgreiðslu umsókna er lokið.

- b. (24. gr. b.)

*Umsókn flugrekenda um losunarheimildir vegna kaupa á sjálfbæru eldsneyti.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna flugrekenda um losunarheimildir vegna kaupa á sjálfbæru eldsneyti, sbr. 1. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða í lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Gjaldið skal vera kr. 166.400, eða sem nemur 8 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar afgreiðslu umsókna er lokið.

- c. (24. gr. c.)

*Vöktunaráætlanir skipafélaga vegna losunar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum fyrir hvert skip skipafélags vegna losunar, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Gjaldið skal vera kr. 208.000, eða sem nemur 10 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal skipafélagi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

d. (24. gr. d.)

*Samþykkt breytinga á vöktunaráætlunum skipafélaga í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á breytingum á vöktunaráætlunum skipafélaga, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Gjaldið skal vera kr. 83.200, eða sem nemur 4 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að gera þurfi breytingar á vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við samþykki á breytingum á vöktunaráætlun skipafélags í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal skipafélagi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar staðfesting á vöktunaráætlun liggur fyrir.

e. (24. gr. e.)

*Skýrslur skipafélaga um losun gróðurhúsalofttegunda.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sjóflutninga, sbr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Gjaldið skal vera kr. 374.400, eða sem nemur 18 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu skipafélags í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal skipafélagi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

f. (24. gr. f.)

*Áætlun á losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sjóflutninga.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun skipafélaga, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða skýrslan er ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Gjaldið skal vera kr. 166.400, eða sem nemur 8 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að áætla þurfi losun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við áætlun á losun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal skipafélagi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar áætlun liggur fyrir.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað orðanna „skv. VI. kafla A laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum“ í 1. mgr. kemur: sbr. V. kafla laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- b. Tafla 1 í 25. gr. verður svohljóðandi:

Tegund reiknings	Stofngjald	Árgjald
Vörslureikningur rekstraraðila	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Vörslureikningur flugrekenda	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Vörslureikningur skipafélaga	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Skráningar vottunaraðila	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Viðskiptareikningur	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Afhendingarreikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir	kr. 166.400 (8 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)
Reikningur ytri vettvangs	kr. 520.000 (25 klst.)	kr. 104.000 (5 klst.)

19. gr.

Í stað orðanna „skv. 6. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í 1. mgr. 26. gr. gjaldskrárinnar kemur: sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

20. gr.

Í stað orðanna „39. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál“ í h-lið 55. gr. gjaldskrárinnar kemur: 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða og 26. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

21. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða og 26. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. desember 2024.*

F. h. r.

**Stefán Guðmundsson.**

*Magnús Guðmundsson.*